



AKUREYRARBÆR

MENNTASKÓLINN Á AKUREYRI OG AÐLIGGJANDI ÍBÚÐARSVÆÐI

HÚSAKÖNNUN 2016



MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI MUSEUM



1. útgáfa 26.04.2016

Unnið að beiðni Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar 2016.

Textagerð: Hanna Rósa Sveinsdóttir, Minjasafninu á Akureyri.

Nýjar ljósmyndir: Hanna Rósa Sveinsdóttir, Minjasafninu á Akureyri og Landslag.

Eldri ljósmyndir: Minjasafnið á Akureyri.

Kort og loftmyndir ásamt skýringartexta: Landslag.

Mynd á forsíðu: Landslag.

Afritun einstakra hluta skýrslunnar er leyfileg sé getið heimildar. Afritun heilla kafla eða skýrslunnar í heild með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt er einungis heimil að fengnu skriflegu leyfi Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar.

© Akureyrarbær 2016

© Minjasafnið á Akureyri 2016

Öll réttindi áskilin

1	Inngangur	3
1.1	Afmörkun athugunarsvæðisins og stærð	4
1.2	Aðferðafræði	5
2	Húsakönnun	6
2.1	Staðhættir	6
2.2	Byggðapróun	6
2.3	Húsagerðir og byggingarstílar	11
2.4	Upprunaleiki	16
2.5	Hönnuðir	16
3	Varðveislumat- mat á varðveislugildi	19
4	Niðurstaða varðveislumats	21
4.1	Friðlýst hús, friðuð hús og hús sem eru umsagnarskyld	25
4.2	Tillaga að friðlýsingu húsa	28
4.3	Tillögur um hverfisvernd í deiliskipulagi	28
4.4	Skilmálar í deiliskipulagi og almenn tilmæli í varðveislu	31
5	Húsaskrá	32
5.1	Barðstún	32
5.2	Eyrarlandsvegur	37
5.3	Hrafnagilsstræti	61
5.4	Skólastígur	71
5.5	Laugargata	79
5.6	Möðruvallastræti	83
6	Heimildaskrá	96

1 Inngangur

Húsakönnun fyrir Menntaskólann á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæði á svokallaðri Suðurbrekkunni á Akureyri er unnin að beiðni skipulagsdeildar Akureyrarbæjar samhliða vinnu við deiliskipulag fyrir sama svæði skv. 5. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar segir m.a.:

„Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar...“

Tilgangur húsakönnunnar er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingu á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi sitt, sögu og byggingarlist.

Húsakönnunin er unnin í samvinnu í deiliskipulagshöfunda á teiknistofunni Landslag ehf; Ómar Ívarsson og Ingvar Ívarsson. Landslag ehf sá um ákveðna grunnskráningu upplýsinga, ljósmyndun, uppsetningu og kortagerð en Hanna Rósa Sveinsdóttir á Minjasafninu á Akureyri sá um heimildavinnu, úrvinnslu þeirra, greiningu og varðveislumat á húsunum, val á eldri ljósmyndum og skrifaði texta. Árni Ólafsson, Magnús Skúlason, Guðmundur L. Hafsteinsson og Pétur Ármannsson arkitektar veittu aðstoð við greiningu húsa.

Gamlar ljósmyndir eru úr ljósmyndasafni Minjasafnsins á Akureyri.

1.1 *Afmörkun athugunarsvæðisins og stærð*

Mörk þess svæðis sem húsakönnun nær til eru þau sömu og mörk deiliskipulags Menntaskólans á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæða þ.e. afmarkast af Þórunnarstræti að vestan, Hrafnagilsstræti frá Eyrarlandsvegi að Skólastíg, Skólastíg að norðan, Eyrarlandsvegi að austan og austurmörkum lóða við Barðstún og lóðarmörkum Menntaskólans á Akureyri til suðurs.

Stærð svæðisins er um 9,2 ha að flatarmáli.

Húsakönnunin nær til allra húsa innan skipulagssvæðisins en fyrst og fremst er horft til íbúðarhúsa. Óhjákvæmilegt er að skoða byggðina á svæðinu í heild þar sem gildi einstakra húsa verður einnig alltaf að vega og meta með tilliti til framlags þeirra til varðveislu heildarinnar s.s. götumynda.



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulags Menntaskólans á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæða og þess svæðis sem húsakönnunin nær til.

1.2 Aðferðafræði

Húsakönnunum er ætlað að skrá og leggja mat á varðveislugildi byggðarinnar og jafnframt að leggja mat á varðveislugildi einstakra húsa á svæði sem verið er að vinna deiliskipulag á eða til stendur að vinna deiliskipulag á. Niðurstöðurnar eru notaðar til að marka stefnu um vernd eða friðun og til að móta bæjarumhverfi í framtíðinni.

Mat á varðveislugildi byggist á heimildum sem eru til um húsin, frumheimildum eins og teikningum, fasteignamatsupplýsingum, brunavirðingum og fleiri slíkum heimildum auk eftirheimilda af ýmsu tagi og munnlegum heimildum eins og upplýsingum frá húseigendum/íbúum. Í mati á varðveislugildi er jafnframt litið til samanburðar og húsin sett í samhengi við staðbundnar byggingahefðir á Akureyri eða á landsvísu. Húsin eru skoðuð í vettvangsferðum og ljósmynduð.

Húsakönnunin tekur fyrst og fremst til mats á íbúðarhúsum en ekki til skúra eða bakhúsa.

Vert að taka fram að mat á varðveislugildi tekur einvörðungu á ytra útliti húsa en ekki innra skipulagi né breytingum á því. Breytingar ytra útliti á húsum geta því haft áhrif á mat á varðveislugildi. Einnig er vert að benda á að sökum umfangs er ekki lagt upp með að skrá sögu húsanna né eigendasögu þeirra nema fyrstu eigenda er oftast getið. Mat á varðveislugildi segir ekki til um verðgildi húsa né notagildi.

Í þessari húsakönnun er beitt aðferðafræði sem kennd hefur verið við SAVE aðferðafræðina (e. Survey of Architectural Values in the Environment) sem upphaflega er dönsk aðferð við mat á varðveislu byggðar en hefur verið staðfærð að íslenskum aðstæðum og verið beitt hér á landi um nokkurn tíma.

Aðferðafræðin eða varðveislumatið byggir á því að meta tiltekna þætti á hverju húsi fyrir sig og þar með verður matið markvissara og samræmdara. Hvert hús er metið samkvæmt eftirtöldum þáttum og er matið miðað við útlit hússins eins og það er þegar matið er framkvæmt. Matsþættirnir eru 5 talsins: Byggingarlistarlegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunaleg gerð og tæknilegt ástand.

Niðurstaða úr þessum matsþáttum er varðveislugildið og á því byggjast tillögur um varðveislu og verndun. Sjá nánar 3. kafla; Varðveislumat- mat á varðveislugildi.

Vert er að taka fram að mat á varðveislugildi húsa eða byggðar verður aldrei endanlegt hlutlægt mat hafið yfir alla gagnrýni eða vafa. Nýjar upplýsingar eða breytingar á húsi geta leitt til endurmats og breytt varðveislugildi þess til hækkunar eða lækkunar samkvæmt því.

2 Húsakönnun

2.1 Staðhættir

Talið er að berglögin sem Akureyri stendur á séu um 9 milljón ára gömul og meginberggrunnurinn er basalt. Árfamburður og jökulruðningar frá ísöld mynduðu brekkurnar á Akureyri en brekkan ofan við Pollinn er gamall marbakki frá jökultíma þegar sjór stóð miklu hærra en nú er.

Suðurbrekkan er einn af bæjarhlutum Akureyrar. Hún afmarkast af Grófargili að norðan og Búðargili að sunnan þó að í þessu tilfelli nái athugunarsvæðið ekki svo langt til suður heldur að mörkum Lystigarðsins. Landið hækkar mikið til suðurs og vesturs upp frá Grófargili og byggðin tekur mið af því og lagar sig að landslaginu, sérstaklega nyrst og austast. Þegar upp á brekkuna er komið tekur við meira láglandi en stór hluti byggðarinnar er í Eyrarlandsbrekkunni.

Austasti hluti byggðarinnar er í brekkurótunum fyrir ofan svokallað Barðsnef. Barðsgil liggur niður af brekkunni og niður á Barðsnefið og dregur líklega nafn sitt af hjáleigunni Barði sem áður stóð þarna nálægt brekkubrúnninni. Niður Barðgil liggur gamall stígur sem í gegnum tíðina hefur gegnt ýmsum nöfnum en nefnist nú Menntavegur.

Innan svæðisins er lóð Menntaskólans á Akureyri en samkvæmt gildandi aðalskipulagi þjónar skólalóðin einnig því hlutverki að vera útivistarsvæði fyrir almenning.

Á lítilli graseyju á gatnamótum Eyrarlandsvegar og Hrafnagilsstrætis stendur afsteypa af styttunni Útlagar (1898-1900) eftir Einar Jónsson en ekkja Einars gaf Akureyrarbæ styttuna. Styttan er umlukin götum í allar áttir sem gerir aðgengi erfiðara að henni en æskilegt mætti telja.

Á austurbrún Eyrarlandsvegar á móts við Eyrarlandsveg 26 er lítill áningarstaður þar sem búið er að koma fyrir upplýsingaskilti og setbekk enda útsýnið einstakt yfir aðra bæjarhluta eins og Miðbæinn Oddeyrina og yfir í Vaðlaheiði.

Svæðið er mjög gróið og trjágróður mikill. Í brekkunni austan Neðan Eyrarlandsvegar hefur verið plantað miklum trjágróðri á vegum bæjaryfirvalda.

2.2 Byggðapróun

Akureyrarkaupstaður er að mestu byggður úr landi tveggja jarða, Nausta og Eyrarlands og er Suðurbrekkan byggð í landi Eyrarlands eða Stóra Eyrarlands eins og jörðin var kölluð til aðgreiningar frá Litla-Eyrarlandi austan fjarðar. Akureyrarbær keypti jörðina árið 1893 og þá voru á jörðinni tvær



Mynd 2. Horft norður Eyrarlandsveg um 1910. Litla húsið til hægri er síðasta íbúðarhúsið sem stóð á Barði. Það var upphaflega reist af dönskum vísindamönnum sem voru á Akureyri veturinn 1899-1900 til að rannsaka norðurljós en flutt á þessa lóð fljótlega eftir 1900 þar sem það stóð fram yfir 1960. Ljósmynd Minjasafnið á Akureyri.

hjáleigur, Hamarkot og Barð. Búið var á Barði fram yfir aldamótin 1900 en smá saman lagðist búskapur þar af. Eyrarlandstúnið var stórt og lengi var bæjarbúum leigðir túnskikar til slæгна og beitar á þessu svæði enda margir bæjarbúar sem voru með skepnur til að drýgja tekjur heimilisins. Byggðin var hinsvegar ekki á brekkunni heldur á eyrunum meðfram sjónum og í giljum upp af sjónum. Eftir því sem íbúum fjölgaði fór að þrengja að byggðinni og því fóru bæjaryfirvöld að huga að stækkun byggingarlandsins. Tveir möguleikar voru í stöðunni, að búa til meiri landfyllingar út í Pollinn eða byggja á brekkunum fyrir ofan kaupstaðinn. Það var kominn tími til að huga að framtíðarskipulagi bæjarins.

Eyrarlandsvegurinn varð til árið 1897 en þá var lagður vegur upp frá húsinu Spítalavegi 1 og upp á brekkuna fyrir neðan Lystigarðinn og áfram til norðurs og niður á Torfunef. Þessi vegur hlaut nafnið Eyrarlandsvegur árið 1900 þegar öllum götum bæjarins var gefið nafn. Með tilkomu Eyrarlandsvegar var stigið fyrsta skrefið í taka þetta svæði undir byggð. Fyrsti skipulagsuppdráttur af þessu svæði var gerður árið 1900 og þar voru brekkurnar skipulagðar með götum og götuheitum sem eru að nokkru frábrugðin því sem seinna varð. Fyrsta húsið sem reis á þessu svæði á Suðurbrekkunni (fyrir utan Barð) var Gagnfræðaskólinn árið 1904 (nú Gamli skóli, skólahús Menntaskólans) og þá átti lóð skólans að vera við Breiðastræti að austan, Bæjarstræti að vestan, en Vesturstrætis að sunnan og túngarðs Eyrarlands að norðan. Þessi túngarður Eyrarlands var á svipuðum slóðum og Hrafnagilsstræti liggur nú. Nyrst á Grófargilshöfðanum risu hús í upphafi 20. aldar en þau eru utan athugunarsvæðis þessarar húsakönnunar. Árið 1911 kom fyrsta íbúðarhúsið, Breiðablik, nú Eyrarlandsvegur 26 til sögunnar. Áfram var búið í Barði og bæjarbúar héldu áfram að nýttja túnin á svæðinu. Árið 1915 dró til tíðinda en þá var byggt steinhús austan við Menntaskólann við götu sem átti að heita Fagrastræti. Húsið fékk númerið 1 við Fagrastræti en aldrei kom til að þessi gata yrði að veruleika og nú stendur húsið við Eyrarlandsveg 35.



Mynd 3. Skipulagsuppdráttur af Akureyri frá árinu 1900. Athyglisvert er að sjá að þarna var gert ráð fyrir götu austan Eyrarlandsvegar sem átti að heita Fagrastræti. Sú gata kom aldrei en síðar var byggt á svipuðum slóðum þar sem nú er gatan Barðstún. Á kortinu kom einnig fyrir kunnugleg götuheiti eins og Hrafnagilsstræti og Möðruvallastræti sem áttu reyndar að ná lengra til norðurs en seinna varð og tengjast Oddeyrargötu. Kort í varðveislu Héraðsskjalasafnsins á Akureyri.



Mynd 4. Menntaskólinn á Akureyri um 1930. Fyrir ofan skólahúsið er íþróttahús skólans sem lengst af hefur gengið undir nafninu Fjósíð. Neðst í horni sést í húsið við Eyrarlandsveg 35. Ljósmynd Minjasafnið á Akureyri.

Á þriðja áratugnum kom mikill kippur í uppbyggingu, húsin þutu upp við Eyrarlandsveg og þegar kom fram um 1930 voru auðar lóðir við götuna nánast á þrotum. Samgöngur við bæjarhlutann voru hinsvegar erfiðar þar sem vegakerfið var ekki burðugt og gerði ekki ráð fyrir mikilli umferð. Árið 1927 var samþykkt fyrsta aðalskipulag Akureyrar þá var gatnakerfið lagfært og farið að úthluta lóðum samkvæmt því. Í stórum dráttum er skipulag athugunarsvæðisins mótað af þessum tveimur skipulagsuppdráttum en þó með nokkrum breytingum eins og sjá má á ef rýnt í er skipulagskortið frá 1927.



Mynd 5. Hluti af aðalskipulagsuppdrátti Akureyrar frá 1927. Ennþá er gert ráð fyrir Fagrastræti austan Eyrarlandsvegar og Menntaskólans og líka er gert ráð fyrir húsaröð austan við Eyrarlandsveg. Fyrsta húsið þar var Rósinborg, byggt 1922 en rífið þegar Eyrarlandsvegurinn var breikkaður. Kort í varðveislu Héraðsskjalasafnsins á Akureyri.



Mynd 6. Séð yfir hluta af Eyrarlandsvegi 1935-1940. Litla timburhúsið er síðasta íbúðarhúsið sem stóð á hjáleigunni Barði sem var í landi Stóra-Eyrarland en allt svæðið var upphaflega í landi jarðarinnar Stóra-Eyrarlands. Ljósmynd Vigfús Sigurgeirsson.



Mynd 7. Framkvæmdir í Eyrarlandsvegi og gatan breikkuð í leiðinni. Húsið til vinstri er Rósinborg, byggt 1922, eina húsið sem stóð austan götunnar. Það var rífið 1973. Ljósmynd Minjasafnið á Akureyri.

Með tilkomu Barnaskólans árið 1930 þéttist byggðin á Suðurbrekkunni og á árunum 1940-1949 risu hús vestan Eyrarlandsvegjar og norðan Hrafnagilsstrætis og svæðið var fullbyggt fyrir 1950. Íbúðarhúsin við Hrafnagilsstræti, Skólastíg, Laugargötu og Möðruvallastræti eru byggð á árunum 1930-1950. Húsin við Eyrarlandsveg, norðan Hrafnagilsstrætis, eru flest frá þriðja áratug síðustu aldar en sunnan Hrafnagilsstrætis eru húsin við Eyrarlandsveg flest byggð milli 1920-1930.

Eftir 1950 kom hlé í uppbyggingu svæðisins en þegar kemur fram um 1960 var aftur farið að horfa til hugmynda að byggja framan í Eyrarlandsbrekkunni líkt og gert var ráð fyrir í fyrstu skipulagshugmyndunum. Ný gata í hverfinu varð til og fékk hún nafnið Barðstún og við hana risu nokkur hús á áratugnum 1966-1976. Í framhaldinu var byggt upp í skarð milli húsanna við Eyrarlandsveg 32 og 35 en þar hafði aldrei verið byggt auk þess sem Gamla íbúðarhúsið á Barði



*Mynd 8. Séð yfir húsaröðina við Hrafnagilsstræti 1950-1960.
Ljósmynd Kristján Kjartansson/ Minjasafnið á Akureyri.*

var fjarlægt og byggt nýtt hús á bæjarhlaði þess. Skólasvæði Menntaskólans á Akureyri er nokkuð sér á parti hvað varðar uppbyggingu og byggðapróun þar sem það hefur verið í hægri uppbyggingu sl. áratugi og telst ekki ennþá vera fullbyggt.

Í dag er þetta svæði á Suðurbrekkunni vinsælt íbúahverfi vegna staðsetningar og umhverfisgæða. Hverfið er gróið og friðsælt og í nálægð við verslun og þjónustu. Húsin hafa staðist tímanns tönn og eru flest ágæt hús sem standa fyllilega undir hlutverki sínu sem íbúðarhús.



Mynd 9. Byggingarár húsa. Hér eru byggingarár tilgreind samkvæmt skrá Fasteignamats ríkisins og skulu ártöl tekin með fyrirvara þar sem reynslan hefur sýnt að stundum ber skráningu um byggingarár ekki saman við aðrar heimildir.

2.3 Húsagerðir og byggingarstílar

Þar sem þetta hverfi er að byggjast upp á nokkrum áratugum er þar að finna fulltrúa fyrir helstu strauma og stefnur í byggingarlist á hverjum tíma.

Elstu húsin, Menntaskólahúsið og Breiðablik (Eyjarlandsvegur 26) á svæðinu eru timburhús byggð í sveitserstíl en sú stefna barst hingað til lands í gegnum Noreg um 1890 en sótti fyrirmyndir sínar m.a Þýskalands, Austurríkis, Sviss og Ítalíu. Norskir athafnamenn fluttu tilsniðin hús hingað til lands og kynntu þau fyrir íslenskum smiðum sem í framhaldinu tóku að reisa hús í þessum stíl. Helstu einkenni sveitserhúsanna eru hár og vel gerður sökkull, mikið þakskegg með skrautlega útskornum sperruendum. Þau eru portbyggð og oftast með rismiklu þaki og skrautlegum umbúnaði



Mynd 10. Húsið Breiðablik til hægri á myndinni er dæmigerður fulltrúi sveitserhúsa á Akureyri. Ljósmynd Minjasafnið á Akureyri.

við glugga og dyr, þakbrúnir og gaflar mikið skreytt, bönd umhverfis húsin við glugga, veggklæðning lárétt. Á húsunum eru gjarnar innbyggðar svalir eða vetrarstofur. Inngangur er að jafnaði á gafli. Gluggar eru ýmist krosspósta með einni rúðu í neðri ramma en síðar urðu T-laga gluggar með miðjupóst upp að þverpósti algengari. Nokkuð var um að húsin væru flutt tilsníðin til landsins frá Noregi og líklega á það við um þessi fyrrnefndu hús.¹ Með tímanum varð stílinn einfaldari og skrautminni en byggingargerðin eða sjálft húsformið hélst lítið breytt.

Þegar steinsteypa tók við sem aðalbyggingarefni húsa eftir 1915 þá sóttu fyrstu steinsteypuhúsin ákveðin stílláhrif til timburhúsanna. Þau eru flest hæð og ris á háum kjallara og gluggasetning á þeim er með sama hætti og á timburhúsunum. Á sumum er sökkulbrún við hæðarskil milli kjallara og hæðar og oft eru steyp vatnsbretti undir gluggum. Inngangur er að jafnaði á gafli og fyrirkomulag innandyrna með líkum hætti og í timburhúsum. Útveggir voru steyptir en allt innra byrði úr timbri.² Á þessu svæði eru húsin við Eyrarlandsveg 29 og 31 dæmi um steinsteypt hús undir áhrifum frá sveitserhúsum hvað húsformið snertir.

Eftir því sem byggingameistarar náðu betri tökum á steinsteypunni tóku íburðarmeiri hús að líta dagsins ljós. Þau sóttu einkenni sín til klassísk byggingarstíls sem var undir áhrifum frá byggingarlist Rómverja og Grikkja svo sem hálfúslur á veggjum, bjóra yfir gluggum og jarðhæð og eru sökkjar húsanna oft stríkaðir til að líkja eftir steinhleðslu. Á þessum húsum eru yfirleitt valmápök eða rispök. Einnig voru byggð hús án klassíks skrauts en gluggasetning og form húsanna var svipað.³ Klassíska stefnan er nær



Mynd 11. Húsin við Eyrarlandsveg 31 og 35 eru í hópi elstu steinsteyptu húsa á þessu svæði. Eyrarlandsvegur er byggð árið 1915 undir klassískum áhrifum og Eyrarlandsvegur 31 er einfalt timburhús byggð árið 1923 undir vægum áhrifum af norskum sveitserhúsum. Ljósmynd Minjasafnið á Akureyri.



Mynd 12. Steinsteypuklassík við Eyrarlandsveg upp úr 1930. Ljósmynd Vigfús Sigurgeirsson.

¹ Guðmundur L. Hafsteinsson: Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu fram til 1970; sérprent bls. 109

² Hörður Ágústsson, Íslensk byggingararfleifð I, bls. 322

³ Guðmundur L. Hafsteinsson. Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu fram til 1970 bls. 118-119

allsráðandi í húsagerðarlist allt fram yfir 1930. Húsaröðin við Eyrarlandsveg 12-24 og 27 falla öll undir klassískan stíl en þar gætir einnig ákveðinna stílafbrigða klassíska stílsins.

Með tilkomu nytjastefnunnar eða funksjónalismans í húsagerð um og upp úr 1930 verða gríðarlegar breytingar á allri hugsun hvað varðar hönnun og byggingu húsa. Öllu tilgangslausu skrauti var hafnað og hið ytra útlit átti einvörðungu að lúta lögmálum notagildis og vísindalegrar nálgunar. Grunnmynd og notkun húsanna var aðalatriðið þar sem útlit endurspeglaði notkun þeirra.⁴ Fyrstu funkishúsin sem byggð voru einkenndust af flötum þökum, sléttum máluðum veggjum, þaksvölum og ósamhverfri gluggasetningu þar sem hornluggar spiluðu stór hlutverk en fljótlega tóku byggingameistarar til við að



Mynd 13. Séð yfir húsin við hluta Skólastígs og Möðruvallastrætis upp úr 1950. Þessi hluti hverfsins er byggður undir áhrifum af funkisstefnunni sem hafði á þessum tíma aðlagast íslenskum aðstæðum svo að úr varð íslenskur funkisstíll. Ljósmynd Vigfús Sigurgeirsson.


aðlaga stefnuna betur að íslenskum aðstæðum. Í stað flatra þaka komu valmapök eða lágreist söðulþök og hvíti liturinn sem einkenndi funkishús erlendis vék fyrir dökkri múrkápu, hraunpússningu, skeljasandi eða steinmulningi úr t.d. kvasi eða hrafntinnu. Á húsunum voru oft bogadregnar svalir. Á fjórða áratugnum er samhverfa orðin algeng í útliti húsanna og þannig er smám saman horfið aftur til hefðarinnar sem gagnrýnd var í upphafi. Undir þessum stíláhrifum byggðust húsin við hluta af Hrafnagilsstræti, Skólastíg, Laugargötu og Möðruvallastræti allt fram yfir 1950 en þá var hverfið fullbyggt.

Um og eftir 1950 verða enn skil í byggingarsögunni þegar modernisminn tekur við af funkisstefnunni. Ný nálgun verður í efnisvali þar sem stál, timbur og gler er notað meira með steinsteypu. Útveggjum er deilt upp í afmarkaða efnis- og litafleti líkt og abstrakt málverkalist þessa tíma. Hver hlið hússins hafði ósamhverft og sjálfstætt útlit. Húsin fengu einhalla þök með lágu risi eða tvíhalla og sum halla inn að miðju húsanna en einnig bar mikið á flötum þökum á ný. Hornluggar hurfu af sjónarsviðinu og í þeirra stað komu stórir gluggafletir og í einbýlishúsum urðu gluggar oft frá gólfi upp undir þak og innri rými hússins og garðsins, náttúrunnar, renna saman. Þegar hafist var handa við byggingu nýrra húsa við Barðstún um miðjan sjöunda áratuginn var modernisminn allsráðandi í húsagerðarlist og fulltrúa hans má því finna í húsunum við Barðstún 1-5 og húsinu við Eyrarlandsveg 25.

⁴ Guðmundur L. Hafsteinsson: Ágrip íslenskrar húsagerðarsögu fram til 1970; bls. 123-124.

Síðustu áratugir í byggingarlist hafa einkennst af miklu frjálsræði í stíl og efnisvali svo að erfitt er að henda reiður á tilteknum stíl þegar kemur að því að flokka hús undir byggingarstíla. Yngstu húsinn athugunarsvæðinu eru nýjustu skólabyggingar Menntaskólans, Hólar og Lundur og húsinn við Eyrarlandsveg 33 og Barðstún 7. Þau falla undir óskilgreinda nútímabyggingarlist.

Steinsteypan er allsráðandi byggingarefni á svæðinu, einungis 5 hús eru byggð úr timbri og þau eru jafnframt í hópi elstu húsanna á athugunarsvæðinu.



Mynd 14. Byggingarstílar húsa.



Mynd 15. Byggingarefni húsa.

2.4 Upprunaleiki

Þegar meta á upprunaleika húsa er óhjákvæmilegt að horfa til þess að eðlilegt viðhald og endurbætur hefur stundum í för með sér einhverjar breytingar sem geta rýrt upphaflegt útlit hússins. Dæmi um slíkar breytingar er þegar gluggarömmum/grindum eða jafnvel gluggapóstum er skipt út fyrir tvöfalt gler sem fræst er beint í gluggakarma eða þegar byggt er valmapak ofan á flatt þak sem erfitt hefur reynst að viðhalda svo vel sé eða málað hefur verið yfir múrhúð húsa. Flest húsanna á svæðinu hafa gengið í gegnum einhverjar minniháttar breytingar í gegnum árin sem hefur ekki rýrt upprunaleika þeirra mikið en nokkur hús hafa hlotið svo miklar breytingar að þau eru vart þekkjanleg. Dæmi um slík hús eru Möðruvallastræti 1 og 10 og Hrafnagilsstræti 14.



Mynd 16. Húsin við Eyrarlandsveg 22 og 24 árið 1927. Húsið við Eyrarlandsveg 22 hefur í gegnum tíðina fengið ágætt viðhald og er nær í upprunalegu útliti. Ljósmynd Vigfús Sigurgeirsson.

2.5 Hönnuðir

Upprunalegir hönnuðar húsa á svæðinu eru 25 talsins og er í þeim hópi að finna bæði arkitekta, byggingatæknifræðinga, múrarameistara, húsgagnasmið og byggingameistara. Nokkrir þeirra teiknuðu fleiri en eitt hús á meðan aðrir eru bara skráðir höfundar af einu húsi. Ekki hefur tekist að finna höfunda af sex húsum en ekki er útilokað að það eigi eftir að breytast í ljósi nýrra heimilda. Í hópnum eru nokkrir frumkvöðlar á sínu sviði og góðir handverksmenn sem vert er að vekja athygli á.

Ber þar fyrstan að nefna Sveinbjörn Jónsson (1896-1982) sem lengi var kenndur við Ofnasmiðjuna. Hann kom til Akureyrar árið 1920 og hafði þá „lært steinsteypu“ á tækniskóla í Noregi og starfaði

þar til 1936.⁵ Hann var afkastamikill byggingameistari auk þess sem hann var framfarasinnaður og innleiddi nýjar byggingaraðgerðir. Hann hóf framleiðslu á svokölluðum r-steinum sem voru forsteyptir hleðslusteinar sem töluvert voru notaðir í hús á Akureyri. Hann fylgdist vel með helstu straumum og stefnum í húsagerðarlist, fljótur að tileinka sér nýjar formgerðir og hann var einn af frumkvöðlum funkisstefnunnar á Akureyri. Sveinbjörn er titlaður höfundur tveggja húsa á þessu svæði, Hrafnagilsstrætis 2 og Möðruvallastrætis 2. Þau hús eru mjög ólík í stíl og sýna breiddina í hönnun Sveinbjarnar. Húsið við Möðruvallastræti 2 er eitt af öndvegisverkum Sveinbjarnar, hreinræktað funkishús frá upphafi þess tímabils á Akureyri.⁶



Mynd 17. Höfundar húsa.

Tryggvi Jónatansson (1892-1968) var múrarmeistari og byggingarfulltrúi á Akureyri 1944-1957. Hann lærði múraraíðn hjá föður sínum á Akureyri og fékk leyfi til að standa fyrir byggingum á Akureyri árið 1928. Tryggvi byggði mikið af húsum á Akureyri á árunum milli stríða, allt frá

⁵ Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson. Oddeyri, húsakönnun bls. 105

⁶ Hörður Ágústsson: Íslensk byggingararfleifð I, bls. 389

steinsteypuvillum í klassískum stíl niður í lítil og einföld alþýðuíbúðarhús í funkisstíl.⁷ Hann er höfundur húsanna við Eyrarlandsveg 16 og 20 sem eru í klassískum stíl en hann er einnig höfundur húsanna við Skólastíg 7 og 13 sem eru funkishús. Auk þess er hann líklega höfundur hússins við Möðruvallastræti 8 sem er lítið funkishús.

Halldór Halldórsson (1900-1969) var arkitekt, byggingameistari og byggingarfulltrúi á Akureyri 1928-1944 en gegndi síðast stöðu framkvæmdastjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins 1957-1969. Líkt og margir kollegar hans teiknaði hann hús í mismunandi stíltegundum. Fyrri hluta æviskeiðsins fylgdi hann klassíska stílnum en fór svo að hanna í funkisstíl.⁸ Hann teiknaði fjölda húsa á Akureyri og er titlaður höfundur fimm húsa á þessu svæði. Þau eru Hrafnagilsstræti 8 og 10 sem eru undir klassískum áhrifum í stíl og Möðruvallastræti 4 og 10 sem flokkast undir funkisstíl. Hann er líklega höfundur Hrafnagilsstrætis 6 sem er eitt fyrsta húsið á þessu svæði sem var byggt í funkisstíl.

Þórir Baldvinsson (1901-1986) var arkitekt sem nam byggingarlist í Kaliforníu og starfaði í San Francisco til 1930 en lengst af starfaði hann á Teiknistofu landbúnaðarins. Hann er einn af forvígismönnum funkisstefnunnar á Íslandi og eru þekktustu verk hans á Akureyri húsaröð við sunnanvert Helgamagrastræti á Akureyri sem er tímamótahönnun í hreinræktuðum funkisstíl.⁹ Þórir teiknaði eitt hús á þessu svæði sem er Laugargata 2 frá árinu 1947.

Guðmundur Gunnarsson (1911-1995) var byggingarmeistari en jafnframt kenndi hann við Iðnskólann á Akureyri í fjölda ára.¹⁰ Hann teiknaði fjölda húsa á Akureyri og er höfundur sjö húsa á þessu svæði þar á meðal eigin húss við Laugargötu 1. Önnur hús eru við Hrafnagilsstræti 12 og 14. Skólastíg 3,5, og 9 og Laugargata 3.

Adam Magnússon (1903-1984) byggingameistari og kenndi einnig húsasmíði við Iðnskólann á Akureyri. Hann teiknaði 3 hús á svæðinu, húsið við Skólastíg 1 og húsin við Möðruvallastræti 1 og 3.

Dr. Maggi Jónsson (1937-) lærði upphaflega húsasmíði en síðar byggingatæknifræði og að lokum lauk hann doktorsprófi í arkitektúr frá Michigan í Bandaríkjunum árið 1974. Á námsárum sínum vann hann m.a. á teiknistofu Sigvalda Thordarsonar og líklega hefur hann teiknað húsin við Barðstún 1 og 3 á þeim árum.¹¹ Þau eru byggð árið 1966 og eru í modernískum stíl.

⁷ Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson: Oddeyri, húsakönnun, bls. 107-108

⁸ Árni Ólafsson, Norðurbrekka-neðri hluti-húsakönnun. bls. 18

⁹ Hörður Ágústsson: Íslensk byggingararfleifð I: bls. 389

¹⁰ Árni Ólafsson, Norðurbrekka-neðri hluti-húsakönnun. bls. 21

¹¹ Dr. Maggi Jónsson menningarverðlaunahafi DV í byggingarlist. DV, 25. febrúar 1995 bls. 38

Flestir aðrir höfundar húsa hafa teiknað eitt hús á þessu svæði og eru þeir tilgreindir á meðfylgjandi korti.

3 Varðveislumat- mat á varðveislugildi

Megintilgangur húsakannana er að leggja mat á varðveislugildi byggðarinnar og jafnframt að leggja mat á varðveislugildi einstakra húsa á svæði sem verið er að vinna deiliskipulag á eða til stendur að vinna deiliskipulag á. Vert að taka fram að mat á varðveislugildi tekur á ytra útliti húsa en ekki innra skipulagi né breytingum á því.

Í þessari húsakönnun er beitt aðferðafræði sem kennd hefur verið við SAVE aðferðafræðina sem upphaflega er dönsk aðferð við mat á varðveislu byggðar en hefur verið staðfærð að íslenskum aðstæðum og verið beitt hér á landi um nokkurn tíma.¹²

Aðferðafræðin eða varðveislumatið byggir á því að meta tiltekna þætti á hverju húsi fyrir sig og þar með verður matið markvissara og samræmdara. Hvert hús er metið samkvæmt eftirtöldum þáttum og er matið miðað við útlit hússins eins og það er þegar matið er framkvæmt:

- Byggingarlistarlegt gildi
- Menningarsögulegt gildi
- Umhverfisgildi
- Upprunaleg gerð
- Tæknilegt ástand

Niðurstaða úr þessum matsþáttum er varðveislugildið og á því byggjast tillögur um varðveislu og verndun.¹³

Byggingarlist er mat á hlutföllum, samsvörun í útliti og úrvinnslu einstakra byggingarluta ásamt því að skoða samspil forms, efnismeðferðar og notagildis. Reynt er að meta hvort húsið sé í eðli sínu og staðsetningu gott, miðlungi gott eða óheppilegt dæmi um þá byggingargerð sem húsið flokkast í og hvort um er að ræða gott höfundarverk ef um slíkt ræðir. Matið er miðað við útlit hússins eins og það er þegar matið fer fram og þá lagt mat á þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu í gegnum tíðina. Gildi hússins er metið í samanburði við staðbundna byggingarhefð og metið hvort fá dæmi

¹² Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana, með hliðsjón af dönsku SAVE-aðferðafræðinni; Rvík 1996

Sjá einnig Skráningareyðublað og leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana útgefið af Húsafriðunarnefnd 6. október 2009.

¹³ Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana, með hliðsjón af dönsku SAVE-aðferðafræðinni; Rvík 1996

Sjá einnig Skráningareyðublað og leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana útgefið af Húsafriðunarnefnd 6. október 2009.

séu um hús af þessari gerð. Einnig er metið hvort um er að ræða tæknilegar nýjungar eða efnisval miðað við byggingartíma hússins. Að lokum er byggingarstíll hússins tilgreindur og sérkenni hans dregin fram.

Menningarsögulegt gildi byggir á því hvort sögufrægir atburðir og/eða persónur tengjast húsinu eða að það standi á sögufrægum stað. Einnig hvort húsið sé til vitnis um þróun byggðar t.d. hvort það sé nánast eina byggingin á svæði sem áður var nokkur byggð á og það sé vitnisburður um starfsemi og líf sem áður var. Einnig er metið hvort húsið hafi gegnt sérstæðri upphaflegri notkun t.d. vegna atvinnuhátta sem nú eru aflagðir.

Umhverfisgildi er metið út frá mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi hús, götumynd eða hverfi og færð rök fyrir mikilvægi þess í umhverfi sínu. Jafnframt er lagt mat á hvort staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu eða ekki.

Upprunaleg gerð hússins er metin út frá því hvernig upprunaleg gerð þess hefur varðveist í gegnum árin og reynt að leggja mat á hvernig til hefur tekist með viðgerðir, viðbyggingar eða breytingar á húsinu og hvort þær styrki eða veiki mikilvæga byggingarhluta hússins eða húsið í heild.

Tæknilegt ástand er eingöngu sjónrænt mat á ytra byrði hússins þ.e.a.s. hvort því sé vel við haldið og ekki sýnilegar skemmdir eða vanhirða.

Varðveislugildi hússins er síðan metið út frá þessum þáttum en hafa ber í huga að mat á byggingarlist, menningarsögu og umhverfis vega þyngst. Tæknilegt ástand hefur að jafnaði ekki áhrif á varðveislugildi hússins.

Niðurstaða varðveislumatsins er síðan tölulegt gildi sem raðar húsinu í tiltekna varðveisluflokka sem eru þrír:

Hús sem fá tölulegu gildin 1-3 falla í flokkinn: **Hús með lágt varðveislugildi**

Hús með fá tölulegu gildin 4-6 falla í flokkinn: **Hús með miðlungs varðveislugildi**

Hús sem fá tölulegu gildin 7-9 falla í flokkinn: **Hús með hátt varðveislugildi**

Mat á varðveislugildi byggist á heimildum sem eru til um húsin, frumheimildum eins og teikningum, fasteignamatsupplýsingum, brunavirðingum og fleiri slíkum heimildum auk eftirheimilda af ýmsu tagi. Auk þess eru þau borin saman við önnur hús og sett í samhengi við staðbundnar byggingahefðir á Akureyri. Húsin eru skoðuð í vettvangsferðum og ljósmynduð.

Vert er að taka fram að mat á varðveislugildi húsa verður aldrei endanlegt hlutlægt mat hafið yfir alla gagnrýni. Nýjar upplýsingar eða breytingar á húsi geta leitt til endurmats og breytt varðveislugildi þess til hækkunar eða lækkunar.

Undanfarin ár hefur áherslan í verndun byggðar ekki eingöngu verið á varðveislu einstakra húsa heldur líka á varðveisluverðar heildir þ.e.a.s. húsaraðir, húsabyrpingar eða götumyndir sem teljast hafa varðveislugildi. Þannig getur hús sem hefur jafnvel lágt varðveislugildi eitt og sér fengið hátt varðveislugildi sem hluti af húsaröð eða götumynd. Dæmi um slíkt hús á athugunarsvæðinu er

Eyrarlandsvegur 33 sem hefur ekki hátt sjálfstætt varðveislugildi en hefur fyrst og fremst gildi sem hluti af húsaröðinni við Eyrarlandsveg.

Í þessu varðveislumati er varðveisluverðum húsaröðum, samstæðum eða þyrpingum er skipt upp í þrjá flokka:


Í fyrsta flokk falla húsaraðir, þyrpingar, götummyndir eða heild sem þykir einstök og hefur hátt varðveislugildi og ætti að njóta verndar, annað hvort með Minjalögum eða með hverfisvernd.

Í annan flokk falla húsaraðir, þyrpingar, götummyndir eða heild sem hefur miðlungs varðveislugildi en ætti að njóta hverfisverndar.

Í þriðja flokki er athyglisverð húsaröð, húsasamstæður eða heild sem bent er á meira til upplýsingar og fræðslu fremur en sem tillaga til beinnar verndunar með hverfisvernd.

4 Niðurstaða varðveislumats

Á athugunarsvæðinu eru 52 hús. Af þeim eru 11 hús metin með hátt varðveislugildi eða 21,1 %, 33 hús eru metin með miðlungsvarðveislugildi eða 63,5 % og 5 hús metin með lágt varðveislugildi eða 9,6 %. Vert er að benda á að ekki er talið tímabært að meta varðveislugildi þriggja húsa eða 5,8% húsa á athugunarsvæðinu sökum aldurs. Þau hús eru tvö nýjustu hús á lóð Menntaskólans á Akureyri; Hólar og Nýju nemendagarðarnir og Spennistöðvarhús Norðurorku við Hrafnagilsstræti.




Mynd 18. Varðveislugildi einstakra húsa.

Almennt má segja að hús sem metin eru með hátt varðveislugildi njóti verndar í Lögum um Menningarminjar nr. 80/2012 og/eða Skipulagslögum nr. 123/2010 (ef húsið fellur undir hverfisvernd).

Hús sem metin eru með miðlungsvarðveislugildi eru ágætis hús sem eru tiltölulega óbreytt í ytra útliti og í góðri hirðu en skera sig ekki úr hópnum.

Hús sem eru með lágt varðveislugildi eru hús sem myndu að öllu jöfnu vera metin með miðlungsvarðveislugildi en hafa sett niður vegna breytinga sem hafa verið gerð á þeim eða skora lágt í mati á byggingarlist, menningarsögu og umhverfisgildi.

Auk mats á einstökum húsum þá hefur hefur jafnframt verið litið til varðveislugildis húsaraða, húsabyrpinga, götummynda eða heilda sem þykja standa upp úr og vera einkennandi fyrir athugunarsvæðið.



Mynd 19. Varðveisluverðar heildir.

Fyrst ber að nefna húsaraðir, húsabyrpingu, götumynd, eða heild með hátt varðveislugildi. Sú fyrsta innifelur **Menntaskólann á Akureyri, Gamla skólahúsið og íþróttahúsið, Fjósið** sem saman mynda ómetanlega heild frá fyrstu árum Gagnfræðaskólans á Akureyri. Önnur heildin er mynduð af **Eyjarlandsvegi 26 og Hrafnagilsstræti 2** og þriðja heildin er húsaröðin við **Eyjarlandsveg 12-24**. Hluti af þessum húsum njóta nú þegar verndar samkvæmt Minjalögum en önnur ekki. Sjá nánar undir kaflanum um hverfisvernd.



Mynd 20. Eyjarlandsvegur 26, Breiðablik og Hrafnagilsstræti 2.

Húsaröðin við **Eyjarlandsveg 27-35** flokkast undir húsaröð, götumynd eða heild með miðlungs varðveislugildi og um hana ætti að setja sérákvæði í deiliskipulagi eða hverfisvernd.

Að lokum eru áhugaverðar samstæður húsa. Fyrsta samstæðan samanstendur af húsum við **Barðstún 1-3**, önnur af húsum við vestanvert **Möðruvallastræti nr. 4-8** og þriðja við **Skólastíg 5-13**. Ekki er lögð til sérstök verndun eða skilmálar á þessar samstæður en bent er á þær fyrst fremst til upplýsingar og sem áhugaverðar húsaraðir eða heildir.



Mynd 21. Eyjarlandsvegur 27-35.

Húsin við Barðstún 1-3 eru fulltrúar modernisma á þessu svæði og staðsetning þeirra á brún Barðsgils gefur þeim umhverfisgildi og eykur á sjónrænt gildi þeirra. Húsið við Barðstún 5 var upphaflega í þessum hópi en hefur illu heilli fjarlægst upprunalegan byggingarstíl sem seinni tíma breytingum sem eru ekki í anda modernisma.

Húsin við Möðruvallastræti 4-8 eru dæmi um lítil íbúðarhús í funkisstíl sem hefur verið breytt með nokkuð samræmdum hætti í gegnum tíðina, með því hafa þau að sönnu fjarlægst upprunalegt útlit en eru engu að síður áhugaverð í götumynd Möðruvallastrætis. Húsaröðin við Skólastíg 5-13 eru stæðileg steinhús áþekkt í aldri og byggingargerð og falla vel að götumynd Skólastígs.



Mynd 23. Möðruvallastræti 4-8.



Mynd 22. Skólastígur 5-13.

4.1 Friðlýst hús, friðuð hús og hús sem eru umsagnarskyld

Sum hús njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80 frá 2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013.¹⁴ Samkvæmt lögunum er þeim húsum sem njóta verndar skipt upp í þrjá flokka:

1. Friðlýst hús
2. Friðuð hús
3. Umsagnarskyld hús

Í flokki **friðlýstra húsa** eru öll hús sem byggð eru fyrir 1850 og allar kirkjur sem byggðar eru fyrir 1918. Auk þess eru í þessum flokki hús sem áður höfðu verið friðuð af ráðherra með lögformlegri aðgerð að tillögu húsafriðunarnefndar eða annarra aðila t.d. sveitarstjórna. Það eru hús sem eru talin hafa sérstakt menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar Íslands. Húsafriðunarnefnd skal fjalla um breytingar á friðlýstum húsum og mannvirkjum. Við endurbætur og viðhald friðlýstra húsa og mannvirkja skal leita leyfis Minjastofnunar Íslands með minnst sex vikna fyrirvara¹⁵.

Á athugunarsvæðinu er eitt friðlýst hús, **Menntaskólinn á Akureyri**, sem byggt var á árunum 1904.

Í flokk **friðaðra húsa** falla öll hús sem eru 100 ára eða eldri. Oft er talað um „aldursfriðuð hús“ þar sem í mörgum tilvikum hefur ekki farið fram formleg mat á varðveislugildi þeirra heldur byggir

¹⁴ <http://www.althingi.is/lagas/145a/2012080.html>

¹⁵ <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/>

verndun eingöngu á aldri þeirra. Samkvæmt lögum er óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Miðað er við að leitað sé álits stofnunarinnar áður en ráðist er í allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir og senda þarf Minjastofnun til umsagnar öll sömu gögn og senda þarf til byggingarfulltrúa. Ef um er að ræða hefðbundið viðhald sem ekki er byggingarleyfisskylt þarf ekki að leita álits eða samráðs Minjastofnunar.¹⁶

Á athugunarsvæðinu eru þrjú friðuð hús. Það eru gamla íþróttahús Menntaskólans sem gengur undir nafninu **Fjósið byggt árið 1905, Eyrarlandsvegur 26, Breiðablik** sem byggt var árið 1911 og **Eyrarlandsvegur 35** sem byggt var árið 1915.

Í flokk **umsagnarskyldra húsa** falla öll hús sem eru byggð 1925 eða fyrr. Eigendum húsa sem **byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr**, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Miðað er við að leitað sé álits stofnunarinnar áður en ráðist er í allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir og sömu gögn send Minjastofnun til umsagnar og senda þarf til byggingarfulltrúa. Hins vegar má framkvæma eðlilegt viðhald á þessum húsum án sérstaks samráðs við Minjastofnun.¹⁷



Mynd 24. Eyrarlandsvegur 35.

¹⁶ <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridud-hus-og-mannvirki/>

¹⁷ <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/umsagnarskyld-hus-og-mannvirki/>


Á athugunarsvæðinu eru fjögur hús sem falla í flokk umsagnarskyldra húsa. Það eru húsin við **Eyjarlandsveg 12 og Eyjarlandsveg 29 og 31** en öll þessi hús voru byggð árið 1923. Auk þeirra er það húsið við **Möðruvallastræti 1a** sem var byggt árið 1920.



Mynd 25. Eyjarlandsvegur 29 og 31.

Eins og áður hefur komið fram njóta tiltekin hús á athugunarsvæðinu verndar samkvæmt Minjalögum nr. 80/2012. Friðlýstu húsin eru sérvalin og í úrvalsflokki á meðan flokkur friðaðra húsa er margbreytilegri þar sem friðun þeirra byggir fyrst á fremst á aldri þeirra en oft á tíðum ekki á sjálfstæðu mati á varðveislugildi þeirra. Það má því segja að aldursfriðun húsa sé varúðarverndun og hús fái að njóta vafans sökum aldurs uns búið er að skera úr varðveislugildi þeirra með að framkvæma á þeim varðveislumat. Það sama má í raun segja með hús sem falla í flokk umsagnarskyldra húsa.

Hús sem eru friðlýst, friðuð eða umsagnarskyld eru sérmerkt á skipulagsuppdraetti þar sem um þau og meðferð þeirra í kerfinu gilda sérlög. Lög um menningarminjar nr. 80/2012



Mynd 26. Friðlýst hús, friðuð hús og umsagnarskyld hús.

4.2 Tillaga að friðlýsingu húsa

Á athugunarsvæðinu eru tvö hús sem gætu gefið tilefni til friðlýsingar. Það eru Eyrarlandsvegur 22 og Möðruvallastræti 2. Þessi hús eru hvort um sig verðugir fulltrúar mismunandi stíltegunda í byggingarlist og hafa fágætisgildi á Akureyri og þar með svæðisbundna þýðingu. Sjá nánar í umfjöllun í húsaskrá.



Mynd 27. Eyrarlandsvegur 22.



Mynd 28. Möðruvallastræti 2.

4.3 Tillögur um hverfisvernd í deiliskipulagi

Þegar Minjalögum sleppir kemur til annarra laga þegar kemur að því að stuðla að verndun eldri byggðar. Á meðan Minjalög leggja mesta áherslu á að friða einstök hús leggja Skipulagslög meiri áherslu á verndun frekar en friðun og horfa meira til heildarinnar en einstakra húsa eða eins og segir í skipulagslögum:

Ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd. Jafnframt skal setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um verndarsvæði í byggð samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð.¹⁸

Í þessari húsakönnun er gerð tillaga um að húsaröðin við **Eyrarlandsveg 12-24** og húsaröðin við **Eyrarlandsveg 27-35** njóti hverfisverndar samkvæmt skipulagslögum og verði sérmerktar á skipulagsupprætti. Rökin fyrir því er staða húsanna hvað varðar byggingarlistarlegt gildi, menningarsögulegt gildi og umhverfisgildi þeirra.

Hvað varðar byggingarlistalegt gildi húsanna við Eyrarlandsveg 12-24 þá er um að ræða tilkomumestu, heillegustu, samfelldustu og eina best varðveittu húsaröð steinsteyptra húsa í klassískum stíl sem er að finna á Akureyri. Húsin eru byggð á svipuðu árabili og teiknuð af helstu byggingameisturum á Akureyri á þeim tíma sem klassískur byggingarstíll réð ríkjum. Þrátt fyrir að þau falli öll undir klassískan stíl eru þau ekki

Mynd 29. Eyrarlandsvegur 12-24.

¹⁸ Samkv. 6 mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123 frá 22. sept. 2010

einsleit heldur eru þau jafnframt fulltrúar mismunandi stílafríðna innan klassíska byggingarstílsins sem gerir húsaröðina enn áhugaverðari. Þó að húsið við Eyrarlandsveg 12 hafi lágt varðveislugildi sem sjálfstætt hús hefur það varðveislugildi sem hluti af heild. Mörg húsanna eru upprunaleg á ytra borði og þrátt fyrir áratuga notkun hafa þau ekki tekið breytingu með seinni tíma viðbyggingum sem rýra upphaflegt útlit þeirra. Húsin eru í góðri hirðu og viðhald og viðgerðir sl. ára hafa í flestum tilvikum verið gerðar af virðingu við upphaflegt útlit þeirra.



Húsin hafa menningarsögulegt gildi vegna staðsetningar sinnar og þróunar byggðar á Suðurbrekkunni á Akureyri en þau eru byggð samkvæmt fyrsta aðalskipulagi Akureyrar sem tók gildi árið 1927. Mörg þeirra voru byggð að af helstu áhrifamönnum Akureyrar á sínum tíma og eitt þeirra, Eyrarlandsvegur 16, gegndi hlutverki prestsseturs Akureyrar um langt skeið.

Umhverfislegt gildi húsaraðarinnar er mikið í bæjarmynd Akureyrar. Húsin raðast fallega upp eftir brekkunni upp frá Akureyrarkirkju. Þau standa fremur hátt inn á lóðunum og hærra en götustæðið sem eykur á tilkomuleik þeirra. Þessi hluti Eyrarlandsvegar sést víða að og er eitt af kennileitum Akureyrar.

Byggingarlistarlegt gildi húsaraðarinnar við Eyrarlandsveg 27-35 felst í byggingargerð þeirra en þau eru fulltrúar nýs tíma í byggingu íbúðarhúsa þegar steinsteypan var að taka við hlutverki timburs sem aðalbyggingarefni á Akureyri. Byggingarstíllinn tekur því mið af byggingarstíl

timburhúsa.


Menningarsögulegt gildi húsanna er mikið þar sem þau mynda röð fyrstu og elstu húsa sem byggð voru á þessu svæði samkvæmt skipulagi og eitt húsanna, Eyrarlandsvegur 35, er jafnframt í hópi elstu steinsteyptu



Mynd 30. Eyrarlandsvegur 27-35.

íbúðarhúsa á Akureyri og er friðað sem gefur húsaröðinni enn meira gildi. Sum húsanna eru tengd sögu Gagnfræðaskólans, síðar Menntaskólans á Akureyri því að þau voru í upphafi reist af kennurum og/eða starfsmönnum skólans. Umhverfislegt gildi húsaraðarinnar er umtalsvert. Þau mynda heillega upprunalega götumynd Eyrarlandsvegarins eins og hann var lagður í Aðalskipulagi bæjarins 1927. Stafnar húsanna vísa að götu og kallast á við stafna Menntaskólans hinum megin götunnar og

þrátt fyrir að húsið við Eyrarlandsveg 33 sé mun yngra og frábrugðið hinum fellur það engu að síður inn í götumyndina án teljandi sjónrænnar truflunar.



Mynd 31. Varðveislutillögur.

4.4 Skilmálar í deiliskipulagi og almenn tilmæli í varðveislu

Allar breytingar á byggðinni ættu að ganga úr frá þeirri meginstefnu að þær styrki yfirbragð byggðarinnar en veiki hana ekki eða gangi gegn henni. Þetta á við um viðhald, endurbætur og viðbyggingar við húsin. Í þessu sambandi eru hlutföll einna mikilvægust og einnig val á byggingarefni og frágangur. Í stað þess að setja algilda skilmála í þessum efnum þarf að meta hvert tilvik fyrir sig. Í húsum sem hafa hátt varðveislugildi er mikilvægt að virða upphaflegan byggingarstíl hússins við endurbætur og viðhald og taka mið af byggingargerð og umhverfisgildi þeirra. Leita þarf samþykkis Minjastofnunnar varðandi hús sem falla undir ákvæði Minjalaga.

Hvað varðar frágang útveggja er vert að hafa í huga að eitt af höfuðeinkennum íslenskra funkishúsa var dökkur grófur múr, perluákast eða hraunhúðun. Á fjórða áratugnum kom svokölluð steining sem gengur út að blanda steinmulningi í ysta ákast múrhúðunar. Í steininguna voru notuð innlend jarðefni eins og kvarts, hrafntinna, kalksteinn og silfurberg en síðar var farið að nota skeljasand. Þessi yfirborðsmeðferð útveggja reyndist vel í íslenskum aðstæðum og húsin vörðu sig vel.¹⁹ Á athugunarsvæðinu er búið að mála yfir upprunalega steiningu á nokkrum húsum og gefur það þeim annað yfirbragð auk þess sem slík aðgerð getur oft kallað á meira viðhald heldur en á steinuðum húsum. Standa þarf vörð um þau hús sem enn eru með upphaflegum klæðningum.

Eins og fyrr segir snýst mat á varðveislu að ytra útliti húsa og því eru ekki sett neinir skilmálar við innanhússbreytingar á húsum enda engar forsendur til staðar í þessari húsakönnun að meta slíkar breytingar.

Í gegnum tíðina hafa mörg sjónarmið verið uppi hvað varðar varðveislu og húsvernd. Margt hefur áunnist en annað síður. Til að varðveisla og húsvernd nái markmiðum sínum er nauðsynlegt að efla þekkingu húseigenda á mikilvægi húsa sinna og fræðsla er einn af mikilvægustu þáttum í húsvernd. Besti kosturinn er „varðveisla eða húsvernd sem byggist á sameiginlegum vilja yfirvalda og eigenda að halda húsi vel við í upprunalegu horfi, samhliða eðlilegri nýtingu“²⁰

¹⁹ Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar: Norðurbrekkkan, neðri hluti, húsakönnun 2015; 250


²⁰ Morgunblaðið 9. janúar 1971, sjá einnig Hörður Ágústsson, Íslenszk byggingararfleifð II; 327

5 Húsaskrá

Húsakönnun þessari er skipt niður í kafla og tekur hver kafli til einnar götu inna þess svæðis sem húsakönnunin nær til.

5.1 Barðstún

Húsakönnunin tekur til allra húsanna við Barðstún en þau eru fjögur og standa austan götunnar. Húsin eru öll einbýlishús á einni hæð með kjallara. Húsin eru byggð á árunum 1966-1976.



Mynd 32. Barðstún (gul lína).



Barðstún 1

<i>Byggingarár:</i>	1966	<i>Hönnuður:</i>	Maggi Jónsson arkitekt
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Flatt þak	<i>Þakklæðning:</i>	Þakpappi
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	273,7 m ²

Byggingarsaga: Húsið er steinsteypt hús, byggt á pöllum og með kjallara, byggt árið 1966. Grafið var úr út kjallara og gerð séríbúð í kjallara um 1994.

Varðveislumat:

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Fulltrúi modernisma. Vel útfærð hönnun sem fellur vel að landslagi.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Íbúðarhús.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Húsið hefur töluvert umhverfisgildi vegna staðsetningar á brekkubrún Barðsgils þar sem það sést það víða að. Auk þess er það hornhús og snýr að áningarstað sem er staðsettur norðan við götuna.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Húsið er nánast óbreytt að ytra útliti frá upprunalegri gerð.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	Húsið er í röð húsa sem hefur gildi sem fulltrúi modernískra bygginga í anda 7. áratugarins.

Niðurstaða varðveislumats: 7 stig. Áhugaverð húsaröð, húsabyrping, götumynd eða heild.



Barðstún 3

<i>Byggingarár:</i>	1966	<i>Hönnuður:</i>	Maggi Jónsson arkitekt
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Flatt þak	<i>Þakklæðning:</i>	Þakpappi
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	302,0 m ²

Byggingarsaga: Húsið er einlyft steinsteypt hús með kjallara, byggt árið 1966. Í því eru tvær íbúðir, ein á hvorri hæð. Húsið er svo til óbreytt að ytra útliti frá upprunalegri gerð.

Varðveislumat:

Byggingarlistarlegt gildi: Fulltrúi modernisma.

Menningarsögulegt gildi: Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Hefur töluvert umhverfisgildi vegna staðsetningar á brún Barðsgils og er þessi húsaröð hluti af bæjarmynd Akureyrar séð lengra frá.

Upprunaleg gerð: Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð. Upphaflegri litaskiptingu flata hefur þó verið breytt.

Tæknilegt ástand: Gott.

Varðveislugildi: Húsið er í röð húsa sem hefur gildi sem fulltrúi modernískra bygginga í anda 7. áratugarins.

Niðurstaða varðveislumats: 6 stig. Áhugaverð húsaröð, húsaþyrping, götumynd eða heild.



Barðstún 5

<i>Byggingarár:</i>	1966	<i>Hönnuður:</i>	Gísli Halldórsson arkitekt
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Valmaþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypur	<i>Útlit:</i>	1 hæð, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	327,0 m ²

Byggingarsaga: Húsið er einlyft steinsteypu hús með kjallara, byggt árið 1966. Árið 1994 var þaki hússins breytt úr flötu þaki í valmaþak eftir teikningum Haraldar Árnasonar og við það gjörbreyttist útlit hússins.

Varðveislumat:

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Byggt í modernískum stíl.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Íbúðarhús.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Hefur töluvert gildi vegna staðsetningar sinnar á brún Barðsgils.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Mikið breytt frá upprunalegri gerð.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.

Varðveislugildi: Breyting á þakgerð rýrir byggingarlistarlegt gildi hússins og það hefur minna varðveislugildi en nærliggjandi hús.

Niðurstaða varðveislumats: 4 stig miðað við núverandi útlit.



Barðstún 7

<i>Byggingarár:</i>	1976	<i>Hönnuður:</i>	Haukur Viktorsson arkitekt
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypur	<i>Útlit:</i>	1 hæð, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	372,7 m ²

Byggingasaga: Húsið er steinsteyppt hús byggt á fjórum pöllum og með stakstæðri bílgeymslu, byggt árið 1976 eftir teikningum Hauks Viktorssonar. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð.

Varðveislumat:

Byggingarlistarlegt gildi: Húsið flokkast undir nútíma byggingarlist með látlausum formum og hefðbundinni þakgerð sem fellur mjög vel að landinu. Gott dæmi um vel heppnað samspil hönnunar og náttúrulegra aðstæðna. Staðsetning á bílskúr lokar göturými á smekklega hátt.

Menningarsögulegt gildi: Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Hefur mikið umhverfisgildi vegna staðsetningar sinnar á brekkubrún Barðsgils og sést víða að.

Upprunaleg gerð: Húsið er upprunalegt að ytra útliti.

Tæknilegt ástand: Gott.

Varðveislugildi: Húsið hefur töluvert varðveislugildi bæði vegna byggingarlistar og umhverfisgildis. Dæmi um velheppnaða hönnun við að fella hús inn í landslag, í þessu tilviki bratta brekku.

Niðurstaða varðveislumats: 7 stig. Áhugavert hús og fellur undir góða byggingarlist.


5.2 Eyrarlandsvegur

Húsakönnunin tekur til allra húsanna við Eyrarlandsveg utan Sjúkrahússins á Akureyri og neðsta hússins næst Akureyrarkirkju en það hús tilheyrir deiliskipulagi Brekkuskóla og nágrennis.

Húsin sem standa í brekkunni norðan Hrafnagilsstrætis eru öll mjög stór og reisuleg en þau eru flest á tveimur hæðum og með kjallara og risi. Húsin eru byggð á þriðja áratug 20. aldar. Húsaröðin er mjög áberandi vegna staðsetningar sinnar og mynda húsin sterka götumynd sem er áberandi í bæjarmynd Akureyrar.

Húsin sem standa sunnan Hrafnagilsstrætis, ofan Barðstúns eru flest fremur lítil einbýlishús á tveimur hæðum með risi og kjallara, en undantekning er þó nyrsta húsið sem er stórt og með flötu þaki. Húsin eru frá ýmsum tímum 20. aldar.

Öll hús innan lóðar Menntaskólans á Akureyrar standa á lóð við Eyrarlandsveg 28.



Mynd 33. Eyrarlandsvegur (gul lína).



Eyrarlandsvegur 12

<i>Byggingarár:</i>	1923	<i>Hönnuður:</i>	Einar Jóhannsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	3 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	386,9 m ²

Byggingarsaga: Þrílyft steinsteypt hús með kjallara, byggt árið 1923 af Einari Jóhannssyni og Ásgeiri Austfjörð en þeir voru báðir byggingarmeistarar. Á upphaflega uppdrættinum frá 1923 er gert ráð fyrir 2 hæða inngöngubyggingu/stigahúsi við norðurhlið og úr því átti að ganga inn í íbúðirnar. Árið 1931 var búið að stækka stigahúsið að framhlið og er útlit framhliðar orðið eins og það er í dag og þá var jafnframt byggð viðbygging á tveimur hæðum vestur úr húsinu og einnar hæðar inngangur þar vestan á þar sem gengið var íbúðirnar. Árið 1997 var gerð íbúð í kjallara hússins og rými í kjallara skipt upp.

Varðveislumat:

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Einfalt steinsteypt hús í nýklassískum stíl.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Íbúðarhús.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Hefur gildi fyrir götumynd Eyrarlandsvegar en er þó mun einfaldara að gerð og byggingarstíl en önnur hús í röðinni.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Töluvert breytt vegna viðbygginga. Viðbygging við norðurstafn hefur breytt hlutföllum í framhlið hússins.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Sæmilegt.
<i>Varðveislugildi:</i>	Hefur fyrst og fremst gildi sem hluti af götumynd Eyrarlandsvegar en minna sjálfstætt varðveislugildi.

Niðurstaða varðveislumats: 3 stig. Þar sem húsið er byggt fyrir 1925 er það umsagnarskylt samkvæmt Minjalögum nr. 80/2012. Jafnframt er það hluti af einstakri húsaröð og götumynd Eyrarlandsvegar 12-24 sem hefur hátt varðveislugildi og ætti að vernda með hverfisvernd.



Eyjarlandsvegur 14

<i>Byggingarár:</i>	1928	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur, Tryggvi Jónatansson?
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Valmaþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	2 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	244,2 m ²

Byggingasaga: Húsið er tvílyft steinsteypt hús með kjallara, byggt árið 1928 fyrir Svein Þórðarson og Sigurlaugu Vilhjálmsdóttur. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins mjög gott. Upprunalegar teikningar hafa ekki varðveist og þar með er ekki vitað hver er höfundur þess en leiða má líkum að því að höfundur þess sé Tryggvi Jónatansson þar sem hann er höfundur Eyjarlandsvegar 16 sem minnir í mörgu á þetta hús og er byggt á sama tíma.

Varðveislumat:

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Steinsteypklassík undir áhrifum frá nýbarrokk. Gluggar með nýbarrokk einkennum.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Íbúðarhús.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Hefur mikið gildi fyrir götummynd Eyjarlandsvegar.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Húsið virðist vera lítið breytt í ytra útliti frá upprunalegi gerð.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.

Varðveislugildi: Hefur mikið gildi vegna byggingarlistar, aldurs og staðsetningar.

Niðurstaða varðveislumats: 6 stig. Hluti af einstakri húsaröð og götummynd Eyjarlandsvegar 12-24 sem hefur hátt varðveislugildi og ætti að vernda með hverfisvernd.



Eyrarlandsvegur 16

<i>Byggingarár:</i>	1928	<i>Hönnuður:</i>	Tryggvi Jónatansson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Valmaþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	3 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	307,3 m ²

Byggingarsaga: Húsið er þrílyft steinsteypt hús með kjallara, byggt árið 1928 fyrir sr. Friðrik J. Rafnar vígslubiskup. Árið 1981 var byggð einnar hæðar viðbygging á kjallara með flötu þaki við húsið til vesturs, hönnuður Mikael Jóhannesson.

Varðveislumat:

Byggingarlistarlegt gildi: Steinsteypklassík, vel útfærð, undir áhrifum frá nýbarrok.
Menningarsögulegt gildi: Prestssetur Akureyrar um langt árabíll.
Umhverfisgildi: Hefur mikið gildi fyrir götummynd Eyrarlandsvegar.

Upprunaleg gerð: Húsið hefur haldið upprunalegu útliti að mestu og viðbygging vestan við truflar ekki ásýnd hússins frá götu. Fékk viðurkenningu Húsverndarsjóðs Akureyrar árið 1995 fyrir vel heppnaðar endurbætur Gott.

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi: Hefur mikið gildi vegna byggingarstíls, aldurs, menningarsögu og staðsetningar. Í hópi bestu fulltrúa af steinsteypuhúsum í klassískum stíl á Akureyri.

Niðurstaða varðveislumats: 7 stig. Hluti af einstakri húsaröð og götummynd Eyrarlandsvegar 12-24 sem hefur hátt varðveislugildi og ætti að vernda með hverfisvernd.



Eyjarlandsvegur 20

<i>Byggingarár:</i>	1926	<i>Hönnuður:</i>	Tryggvi Jónatansson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárújárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	2 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	236,1 m ²

Byggingarsaga: Húsið er tvílyft steinsteypt hús með kjallara, byggt árið 1926 fyrir Jóhannes Jónasson. Gert var ráð fyrir 3 íbúðum í húsinu frá upphafi en nú eru tvær íbúðir í húsinu. Árið 1961 var gerð breyting á innra fyrirkomulag í húsinu og gluggum breytt. Þeir voru svo færðir til upprunalegs útlits í kringum 1992.

Varðveislumat:

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Steinsteypklassík undir áhrifum frá nýbarrok.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Íbúðarhús.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Hefur mikið gildi fyrir götumynd Eyjarlandsvegar.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Virðist lítið sem ekkert breytt frá upprunalegri gerð. Fékk viðurkenningu Húsverndarsjóðs Akureyrar árið 1995 fyrir vel heppnaðar endurbætur.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.

Varðveislugildi: Hefur mikið gildi vegna byggingastíls, aldurs og staðsetningar.

Niðurstaða varðveislumats: 6 stig. Hluti af einstakri húsaröð og götumynd Eyjarlandsvegar 12-24 sem hefur hátt varðveislugildi og ætti að vernda með hverfisvernd.



Eyjarlandsvegur 22

<i>Byggingarár:</i>	1926	<i>Hönnuður:</i>	Ólafur Ágústsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Skífur
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypur	<i>Útlit:</i>	2 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	282,0 m ²

Byggingarsaga: Húsið er tvílyft steinsteypur hús með kjallara. Ólafur Ágústsson húsgagna- og húsgagnamiður mun hafa teiknað húsið og byggt það fyrir mág sinn Vilhjálm Þór kaupfélagsstjóra KEA árið 1926 en upprunalegar teikningar hafa ekki fundist. Árið 1961 var byggð stakstæð bílgeymsla á lóðinni út við götu eftir teikningu Mikæls Jóhannessonar. Um aldamótin 2000 var endurnýjað þak efni og sett norsk skífa á húsið (alta lapp skifer) líkt og var á því í upphafi. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins mjög gott.

Varðveislumat:

Byggingarlistarlegt gildi: Steinsteypuklassík, mjög vel útfært í nýbarrok.
Menningarsögulegt gildi: Í húsinu bjuggu lengi þjóðkunnir menn sem komu mikið við málefni Akureyrar í sinni tíð.

Umhverfisgildi: Hefur mikið gildi fyrir götumynd Eyjarlandsvegar.

Upprunaleg gerð: Virðist upprunalegt í útliti. Fékk viðurkenningu Húsverndarsjóðs Akureyrar árið 1995 fyrir vel heppnaðar endurbætur. Bílskur haganlega komið fyrir fyrir framan húsið og tekur ekkert frá húsinu.

Tæknilegt ástand: Mjög gott.

Varðveislugildi: Einstakt hús sem hefur mjög mikið gildi sem einn besti fulltrúi steinsteypuklassíkur undir áhrifum nýbarroks á Akureyri.

Niðurstaða varðveislumats: 8 stig. Hluti af einstakri húsaröð og götumynd Eyjarlandsvegar 12-24 sem hefur hátt varðveislugildi og ætti að vernda með hverfisvernd. Vegna fágætisgildis hússins í byggingarlistarsögu Akureyrar gæti komið til greina að friðlýsa það



Eyjarlandsvegur 24

<i>Byggingarár:</i>	1928	<i>Hönnuður:</i>	Maron Sölvason
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	2 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	274,6 m ²

Byggingasaga: Húsið er tvílyft steinsteypt hús með kjallara, byggt árið 1928 fyrir Pál Sigurgeirsson verslunarstjóra eftir teikningum Marons Sölvasonar. Árið 1931 var byggð forstofa við norðurstafn eftir teikningu Halldórs Halldórssonar. Árið 1934 var byggð 2ja hæða viðbygging við norðurstafn eftir teikningu G. B. Pálssonar og fékk húsið við það útlit sem það hefur í dag. Seinna var gluggum hússins breytt en um 2008 fóru fram vandaðar viðgerðir á húsinu sem færðu það í það útlit sem það hafði 1934.

Varðveislumat:

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Steinsteyppuklassík undir Jugendáhrifum (skreytistíls).
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Íbúðarhús.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Hefur gildi fyrir götumynd Eyjarlandsvegar.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Húsið er með því útliti sem það fékk eftir viðbyggingu 1934 og gluggar hafa verið færðir til upprunalegs horfs af metnaði.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Mjög gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	Hefur mikið gildi vegna byggingarstíls, aldurs og áberandi staðsetningar. Þessi hluti Eyjarlandsvegar kennileiti sem sést víða að.

Niðurstaða varðveislumats: 6 stig. Hluti af einstakri húsaröð og götumynd Eyjarlandsvegar 12-24 sem hefur hátt varðveislugildi og ætti að vernda með hverfisvernd.



Eyjarlandsvegur 25

Byggingarár: 1970
Aðal byggingarefni: Steinsteypa
Þakgerð: Flatt þak
Undirstöður: Steinsteypur
Notkun: Íbúðarhús

Hönnuður: Jón Geir Ágústsson
Klæðning: Múrsléttað
Þakklæðning: Þakpappi
Útlit: 1 hæð, kjallari
Stærð: 325,4 m²

Byggingarsaga: Húsið er einlyft steinsteypur hús með kjallara, byggt árið 1970.

Varðveislumat:

Byggingarlistarlegt gildi: Modernismi.

Menningarsögulegt gildi: Húsið er byggt á bæjarhóli gamla íbúðarhússins á Barði.

Umhverfisgildi: Virkar framandi í húsaröð Eyjarlandsvegar vegna byggingarstíls en hefur umhverfisgildi sem hluti af húsabyrpingu við Barðstún.

Upprunaleg gerð: Húsið virðist nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand: Gott.

Varðveislugildi: Ágætur fulltrúi síns byggingarstíls en staðsetning þess í húsaröð klassískra húsa dregur úr gildi þess fyrir umhverfi sitt.

Niðurstaða varðveislumats: 6 stig. Hús með miðlungsvarðveislugildi.



Eyrarlandsvegur 26 - Breiðablik

<i>Byggingarár:</i>	1911	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Timbur, járnklæðning(steinblikk)
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	2 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús, kirkja	<i>Stærð:</i>	261,4 m ²

Byggingarsaga: Húsið er tvílyft timburhús með kjallara, byggt árið 1911 af Maroni. Sölvasyni fyrir Sigurð E. Hlíðar dýralækni. Sú saga fylgir húsinu að það hafi verið brúðkaupsgjöf til þeirra hjóna frá tengdamóður Sigurðar og að það hafi komið tilsniðið til landsins frá Noregi. Árið 1982 var byggð stakstæð bílgeymsla á lóðinni eftir teikningu Hauks Haraldssonar. Húsið var áður kirkja kaþólska safnarðarins á Akureyri en er í dag íbúðarhús prests Péturssafnaðarins..

Varðveislumat:

Byggingarlistarlegt gildi: Norskt timburhús í dæmigerðum sveitserstíl sem líklega var flutt tilsniðið til landsins frá Noregi.

Menningarsögulegt gildi: Kirkja kaþólskra safnaðarins á Akureyri um tíma, nú prestsbústaður.

Umhverfisgildi: Stendur á horni Eyrarlandsvegar og Hrafnagilsstrætis og er áberandi í götumyndinni. Hefur tengingu við Kaþólsku kirkjuna (Hrafnagilsstræti 2) og mynd byggingarnar fallega heild.

Upprunaleg gerð: Hefur varðveist vel og virðist nokkuð upprunalegt í útliti, búið að klæða suðurstaft með steinblikki.

Tæknilegt ástand: Gott.

Varðveislugildi: Húsið hefur hátt varðveislugildi vegna aldurs, byggingagerðar og staðsetningar. Það var eitt af fyrstu íbúðarhúsum sem var byggt á brekkunni og er mjög góður fulltrúi timburhúsa í sveitserstíl á Akureyri.

Niðurstaða varðveislumats: 7 stig. Húsið er friðað samkvæmt Minjalögum nr. 80/2012 og ber að varðveita í samræmi við ákvæði þeirra laga. Auk þess hefur það einnig hátt varðveislugildi sem heild með Hrafnagilsstræti 2.



Eyjarlandsvegur 27

<i>Byggingarár:</i>	1928	<i>Hönnuður:</i>	Einar Jóhannsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárújárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	2 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	257,5 m ²

Byggingarsaga:

Húsið er tvílyft steinsteypt hús með kjallara, byggt árið 1928 eftir teikningum Einars Jóhannssonar fyrir Ólaf Sumarliðason. Samkvæmt upphaflegu teikningunni er hurð framan á karnapi en líklega hefur því verið breytt eigi síðar en 1964. Varðveist hefur mjög nákvæm og stórmerkileg byggingarlýsing af húsinu eftir Einar Jóhannsson dags. 29. mars 1928 og virðist sem bygging hússins hafi verið boðin út. Í lýsingunni kemur fram að upphaflega hafi verið grindur/rammar í gluggum sem síðar var fjarlægt. Um 1964 er byggð ný forstofa við norðurhlið eftir teikningu Guðmundar Gunnarssonar og hurð á karnapi breytt í glugga. Árið 1972 er byggð lítil viðbygging í norðausturhorni og svalir settar ofan á viðbyggingar bæði að vestan og austan. Þetta er eftir teikningum Aðalsteins Júlíussonar. Árið 1980 var byggð stakstæð bílgeymsla á austurhluta lóðarinnar með aðkomu frá Barðstúni, hönnuður Aðalsteinn Júlíusson. Glerskáli Árið 2006 var kvistur á suðurþaki stækkaður mikið og byggðar nýjar svalir á suðurhliðina með útgangi úr kvistinum. Jafnframt voru svalir á norðausturhorni stækkaðar lítillega. Árið 2008 fékkst leyfi til að gera dyr á suðurhlið og byggja verönd meðfram suðurhlið en þær framkvæmir hafa ekki gengið eftir. Árið 2011 var svo byggður sólskáli á verönd í suðurvesturhorni. Allar þessar breytingar voru teiknaðar af Teiknistofunni AVH og undirritaðar af Hauki Haraldssyni tæknifræðingi. Húsið er töluvert breytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins mjög gott.

Varðveislumat:

Byggingarlistarlegt gildi:

Steinsteypuklassík undir áhrifum jugendstíls.

Menningarsögulegt gildi:

Íbúðarhús.

Umhverfisgildi:

Hefur gildi fyrir götumynd Eyrarlandsvegar og ákveðna tengingu við umhverfi Menntaskólans handan götunnar. Í stað þess að snúa langhlið að götu snúa þau gaflí að götu og mynda þar með visst samhengi við gafla gamla skólahússins handan götunnar og áhugavert göturými.

Upprunaleg gerð:

Húsið er töluvert breytt frá upprunalegri gerð en yngri viðbætur hafa þó ekki rýrt upprunalega gerð svo neinu nemi.

Tæknilegt ástand:

Mjög gott.

Varðveislugildi:

Hefur töluvert gildi vegna byggingagerðar, aldurs og staðsetningar.

Niðurstaða varðveislumats:

6 stig. Hluti af einstakri húsaröð og götumynd Eyrarlandsvegar 27-35 sem hefur miðlungs varðveislugildi og ætti að vernda með hverfisvernd.



Eyjarlandsvegur 28 - Menntaskólinn á Akureyri - Gamli skóli

<i>Byggingarár:</i>	1904	<i>Hönnuður:</i>	Sigtryggur Jónsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	2 hæðir, ris, kjallari
<i>Notkun:</i>	Skóli		

Byggingarsaga:

Gamli skóli er tvílyft timburhús í sveitserstíl, með rispaki og stendur á háum steinhlöðnum kjallara. Það er byggt eftir teikningu Sigtryggs Jónssonar byggingarmeistara en líklegt er að húsið hafi verið flutt tilsníðið til landsins, að öllum líkindum frá Noregi. Talið er að Stefán Stefánsson, kennari við skólann og síðar skólameistari, hafi sagt fyrir um innra skipulag hússins. Sigtryggur byggði húsið samkvæmt verklýsingu og lauk hann í stórum dráttum við byggingu þess á fjórum mánuðum sumarið 1904.

Húsið er U-laga að grunnformi og snýr meginbyggingin til austurs. Hliðarálmur eru við hvorn enda meginbyggingar. Framhlið hússins er sett tveimur stöfnum sem ganga lítið eitt út úr vegg hennar og marka þeir breidd hliðarálma. Á miðri framhlið er miðjukvistur sem gengur þvert í gegnum þak hússins og nær jafnlangt fram úr húsinu og stafnar. Við hvorn gafi meginbyggingar er anddyri, eitt á bakhlið og eitt við gafi suðurálmu. Tengigangur er við miðja bakhlið hússins yfir í nýbygginu vestan við skólann. Upphaflega var húsið klætt vatnsklæðningu og band á milli kjallara og vatnsbrettis undir gluggum jarðhæðar var klætt lóðréttri panelklæðningu. Útidyr voru á suður- og norðurvegg hliðarálma. Suðurhlið var klædd bárujárnri 1915 og anddyri byggt við bæði suður- og norðurhlið og 1925 var lokið við að klæða allt húsið bárujárnri. Þessar breytingar voru gerðar til að þetta húsið og minnka viðhald.

Varðveislumat:*Byggingarlistalegt gildi:*

Timburhús í sveitserstíl með ívafi klassíkur, líklega flutt tilsniðið til landsins frá Noregi.

Menningarsögulegt gildi:

Gagnfræðaskóli og síðar Menntaskóli.

Umhverfisgildi:

Reisulegt hús sem stendur á áberandi stað í bæjarmyndinni. Það hefur mikið gildi fyrir Akureyri og er sannkölluð bæjarprýði jafnframt því að vera eitt af kennileitum bæjarins.

Upprunaleg gerð:

Húsið er nokkuð breytt frá upphaflegri gerð með forstofubyggingum við báða gafla og bárujárnsklæðningu en þessar breytingar hafa ekki raskað meginhlutföllum eða rýrt byggingarlistarlegt gildi hússins og eru í anda þeirrar þróunar sem algeng var á timburklæddum sveitserhúsum hér á landi.

Tæknilegt ástand:

Mjög gott.

Varðveislugildi:

Einstakt hús sem hefur mjög hátt varðveislugildi vegna aldurs, byggingarlistar, menningarsögu og staðsetningar.

Niðurstaða varðveislumats:

8 stig. Húsið er friðlýst samkvæmt Minjalögum nr. 80/2012 og ber að varðveita í samræmi við ákvæði þeirra laga en upphaflega var það friðað í B-flokki af bæjarstjórn Akureyrar 4. október 1977 samkv. 2. mgr. 26. og 27. gr. Þjóðminjalaga nr. 52/1969. Jafnframt hefur það hátt varðveislugildi sem húsaþyrping eða heild saman með gamla íþróttahúsi skólans.



Eyjarlandsvegur 28 - Íþróttahúsið - Fjósið

<i>Byggingarár:</i>	1905	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, einhalla þak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	2 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Leikfimiðhús		

Byggingarsaga:

Húsið er tvílyft timburhús á steinhlaðnum kjallara. Það var reist árið 1905 sem leikfimiðhús fyrir Menntaskólann. Á árunum 1910-12 var byggt við húsið tvílyft fordyri, sem og útbygging sunnan til, einlyft með risi. Í suðurbyggingunni voru salernisklefar en einnig rými fyrir kýr en þær sáu mótuneyti skólans fyrir mjólk, og þaðan kemur viðurnefnið Fjósið. Tvisvar hefur húsið verið endurnýjað, 1944 og 1979 en í seinna skiptið fékk húsið það lag að innan sem það hefur enn. Síðast var byggt við húsið árið 1985 en þá var byggð einlyft bakbygging með skúrþaki. Upprunalega var þar vélageymsla en 2003 var þar innréttaður líkamsræktarsalur. Fjósið er þannig fjórar álmur, ein tvílyft með lágu risi (íþróttasalur) sem snýr N-S með jafnhárri forstofubyggingu til austurs. Suðurálmur (búningsklefar) er einlyft með háu risi en einnig er einlyft bakbygging með skúrþaki vestan við. Húsið er bárujárnsklætt timburhús og hefur örlítið einkenni sveitserhúsa, þó ekki fari mikið fyrir skrauti- en spennutær eru útskornar. Húsið er töluvert breytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins mjög gott.

Varðveislumat:*Byggingarlistarlegt gildi:*

Einfalt timburhús með vægum áhrifum af sveitserstíl.

Menningarsögulegt gildi:

Tengist sögu Menntaskólans órjúfanlegum böndum og hefur þjónað mörgum hlutverkum í gegnum tíðina.

Umhverfisgildi:

Stendur á bakvið Gamla skóla á sínum upprunalega stað og hefur gildi fyrir sitt nánasta umhverfi. Myndar skemmtilega gamla þyrpingu eða heild með gamla Menntaskólahúsinu.

Upprunaleg gerð:

Húsið er nokkuð breytt en þó er nokkuð stór hluti þess með upprunalegu útliti.

Tæknilegt ástand:

Gott.

Varðveislugildi:

Húsið er hefur hátt varðveislugildi út frá aldri, menningarsögu og staðsetningu en byggingarlistarlegt gildi þess eitt og sér er minna.

Niðurstaða varðveislumats:

7 stig. Húsið er friðað vegna aldurs samkvæmt Minjalögum nr. 80/2012 og ber að varðveita í samræmi við ákvæði þeirra laga. Auk þess hefur það einnig hátt varðveislugildi sem heild með Gamla skólahúsinu.



Eyjarlandsvegur 28 - Menntaskólinn á Akureyri - Hólar

<i>Byggingarár:</i>	1996	<i>Hönnuður:</i>	Gísli Kristinsson, Páll Tómasson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað, áklæðning
<i>Þakgerð:</i>	Flatt þak, einhalla þak	<i>Þakklæðning:</i>	Dúkur, gras, grjót
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	2 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Skóli	<i>Stærð:</i>	2.649,8 m ²

Byggingarsaga: Húsið er 2 hæða skólahúsnaði, byggt árið 1996 og er nefnt eftir Hólum í Hjaltadal. Byggingin stendur á milli Gamla skóla og Möðruvalla og tengist þeim með göngum þannig að nú er innangengt milli allra kennsluhúsa skólans. Á Hólum er aðalinngangur skólans, bókasafnið og stór samkomusalur sem kallaður er Kvosin. Þar er einnig vinnuáðstaða fyrir kennara og nokkrar kennslustofur.

Varðveislumat:

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Nútímabyggingarlist án nánari flokkunar.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Hannað og byggt sem skólahús og hefur gildi sem hluti af skólabyggingum Menntaskólans.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Vel leyst hús út frá sjónarhóli þess að verið er að byggja stórt hús á viðkvæmu svæði í nálægð við friðlýsta byggingu.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Húsið er óbreytt frá upprunalegri gerð.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	Ómetið.
Niðurstaða varðveislumats:	Ekki er tímabært að meta varðveislugildi hússins.



Eyjarlandsvegur 28 - Menntaskólinn á Akureyri – Möðruvellir

<i>Byggingarár:</i>	1969	<i>Hönnuður:</i>	Skarphéðinn Jóhannsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Flatt þak	<i>Þakklæðning:</i>	Dúkur
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	2 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Skóli		

Byggingarsaga: Húsið er 2 hæða skólahúsnæði, byggt árið 1969 og er nefnt eftir Möðruvöllum í Hörgárdal þar sem fyrirrennari Menntaskólans á Akureyri var eitt sinn. Húsið hefur frá upphafi verið notað að mestu til raungreinakennslu, í kjallara þess var aðalsamkomusalur skólans á árunum 1968-1996. Í kjallaranum eru nú tölvuver og aðstaða nemendafélagsins. Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins mjög gott.

Varðveislumat:

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Modernismi í ágætum hlutföllum.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Hannað og byggt sem skólahús og hefur gildi sem hluti af skólabyggingum Menntaskólans.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Hefur gildi fyrir húsabýrpingu Menntaskólans í heild sem byggð er á mismunandi tímum og undir mismunandi byggingarstílum.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	Ágætis fulltrúi skólabygginga í modernískum stíl og er hluti af sögu skólans.
<i>Niðurstaða varðveislumat:</i>	6 stig. Hefur miðlungs varðveislugildi.



Eyrarlandsvegur 28 - Menntaskólinn á Akureyri - Heimavist eldri

<i>Byggingarár:</i>	1946-1966	<i>Hönnuður:</i>	Guðjón Samúelsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Steinað
<i>Þakgerð:</i>	Valmaþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárufjárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	3 hæðir, 2 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Nemendagarðar/Hótel		

Byggingarsaga: Húsið er 2-3 hæða nemendagarðar með mótuneyti og matsal í kjallara, byggt á árunum 1946-1966.

Varðveislumat:

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Byggt undir áhrifum funkisstefnunnar
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Nátengt sögu Menntaskólans sem heimavist og íbúð skólameistara um langt skeið.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Hefur gildi fyrir húsaþyrpingu Menntaskólans.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Búið er að byggja við húsið og tengja það yngri heimavist með tengibyggingu.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	Hefur nokkuð varðveislugildi vegna byggingarlistar, menningarsögu og staðsetningar.
<i>Niðurstaða varðveislumats:</i>	5 stig. Hefur miðlungs varðveislugildi.



Eyjarlandsvegur 28 - Menntaskólinn á Akureyri - Lundur

<i>Byggingarár:</i>	2003	<i>Hönnuður:</i>	Fanney Hauksd., Anna M. Hauksd.
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrhúðað, gler
<i>Þakgerð:</i>	Flatt þak	<i>Þakklæðning:</i>	Dúkur
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	6 hæðir, 5 hæðir
<i>Notkun:</i>	Nemendagarðar/Hótel		

Byggingarsaga: Húsið er 5-6 hæða nemendagarðar og sumarhótel, byggt árið 2003. Í byggingunni eru 118 smáíbúðir sem ætlaðar eru bæði nemendum við MA sem og VMA á veturna og er byggingin nýtt sem hótel á sumrin. Húsið er óbreytt frá upprunalegri gerð og er ástand hússins mjög gott.

Varðveislumat:

<i>Byggingarlistalegt gildi:</i>	Nútímabyggingarlist án frekari skilgreiningar
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Hannað og byggt sem heimavistarhús og hefur gildi sem hluti af skólabyggingum Menntaskólans.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Ómetið.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Óbreytt.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	Ómetið.

Niðurstaða varðveislugildis: Ekki tímabært að meta varðveislugildi hússins.



Eyjarlandsvegur 29

Byggingarár: 1923
Aðal byggingarefni: Steinsteypa
Þakgerð: Mænisþak
Undirstöður: Steinsteypur
Notkun: Íbúðarhús

Hönnuður: Óþekktur
Klæðning: Múrsléttað
Þakklæðning: Bárújárn
Útlit: 2 hæðir, kjallari
Stærð: 165,5 m²

Byggingarsaga: Húsið er tvílyft portbyggt steinsteypur hús með kjallara, byggt árið 1923.

Varðveislumat:

Byggingarlistarlegt gildi: Steinsteypuhús undir vægum áhrifum sveitserstíls í húsformi.

Menningarsögulegt gildi: Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Hefur gildi fyrir götummynd Eyjarlandsvegar og ákveðna tengingu við umhverfi Menntaskólans handan götunnar. Í stað þess að snúa langhlið að götu snúa þessi hús við Eyjarlandsveg gaffli að götu og mynda þar með visst samhengi við gafla gamla skólahússins handan götunnar og áhugavert göturými.

Upprunaleg gerð: Húsið er ekki mikið breytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand: Sæmilegt.

Varðveislugildi: Húsið hefur töluvert gildi vegna aldurs, byggingargerðar og staðsetningar.

Niðurstaða varðveislumats: 6 stig. Þar sem húsið er byggt fyrir 1925 er það umsagnarskipt samkvæmt Minjalögum nr. 80/2012. Jafnframt er það hluti af einstakri húsaröð og götummynd Eyjarlandsvegar 27-35 sem hefur miðlungs varðveislugildi og ætti að vernda með hverfisvernd.



Eyjarlandsvegur 31

<i>Byggingarár:</i>	1923	<i>Hönnuður:</i>	Einar Jóhannsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypur	<i>Útlit:</i>	2 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	165,5 m ²

Byggingarsaga: Húsið er tvílyft steinsteypu hús með kjallara, byggt árið 1923 fyrir Vilhjálm Júlíusson. Til er óundirrituð upprunaleg teikning af húsinu en einnig hefur varðveist byggingarlýsing sem er dagsett í maí 1923 og undirrituð af Einari Jóhannssyni. Upprunalega voru grindur/rammar í gluggum en þær hafa verið fjarlægðar en að öðru leiti virðist húsið vera mikið til óbreytt frá upprunalegri gerð. Þó er búið að klæða norðurhlið á forstofubyggingu með klæðingu.

Varðveislumat:

Byggingarlistarlegt gildi: Steinsteypuhús undir vægum áhrifum sveitserstíls í húsformi.

Menningarsögulegt gildi: Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Hefur gildi fyrir götumynd Eyjarlandsvegar og ákveðna tengingu við umhverfi Menntaskólans handan götunnar. Í stað þess að snúa langhlið að götu snúa þessi hús við Eyjarlandsveg gaffli að götu og mynda þar með visst samhengi við gafla gamla skólahússins handan götunnar og áhugavert göturými.

Upprunaleg gerð: Húsið er lítið breytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand: Gott.

Varðveislugildi: Húsið hefur töluvert gildi vegna aldurs, byggingagerðar og staðsetningar.

Niðurstaða varðveislumats: 6 stig. Þar sem húsið er byggt fyrir 1925 er það umsagnarskylt samkvæmt Minjalögum nr. 80/2012. Jafnframt er það hluti af einstakri húsaröð og götumynd Eyjarlandsvegar 27-35 sem hefur miðlungs varðveislugildi og ætti að vernda með hverfisvernd.



Eyjarlandsvegur 33

Byggingarár: 1971
Aðal byggingarefni: Steinsteypa
Þakgerð: Mænisþak
Undirstöður: Steinsteypur
Notkun: Íbúðarhús

Hönnuður: Mikael Jóhannesson
Klæðning: Múrsléttað
Þakklæðning: Bárufjárn
Útlit: 2 hæðir og ris
Stærð: 392,3 m²

Byggingarsaga:

Húsið er tvílyft steinsteypur hús með rishæð byggt árið 1971 eftir teikningum Mikael Jóhannessonar fyrir Sigurð Svanbergsson. Húsið er ekki mikið breytt að ytra útliti nema búið er að byggja svalir út úr rishæð á suðurhlíð og stækka forstofu á framhlíð með glerbyggingu.

Varðveislumat:

Byggingarlistalegt gildi:

Húsið er óskilgreind nútímabygging með vísun í steinsteypuhúsin sem kemur fram í húsformi og efnisvali. Gluggasetning er modernísk og staðsetning byggingarhluta er ekki samhverf og meira í ætt við modernisma.

Menningarsögulegt gildi:

Íbúðarhús.

Umhverfisgildi:

Þrátt fyrir húsið sé bæði stærra og hærra en nærliggjandi hús fellur það þokkalega inn í húsaröðina við Eyjarlandsveg. Aðalaðkoma með bílastæði beint framan við húsið og inn á lóð er ekki í samræmi við nærliggjandi hús.

Upprunaleg gerð:

Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand:

Gott.

Varðveislugildi:

Húsið tekur mið að gömlum húsum í formi og efnisvali þó að gluggagerð og útfærslur séu í öðru formi.

Niðurstaða varðveislumats:

5 stig. Hefur miðlungsvarðveislugildi sem stakt hús. Varðveislugildið er fólgið í staðsetningu þess í húsaröðinni við Eyjarlandsveg 27-35 sem hefur miðlungs varðveislugildi og ætti að vernda með hverfisvernd.



Eyjarlandsvegur 35 - upphaflega Fagrastræti 1

<i>Byggingarár:</i>	1915	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	Kjallari, hæð og ris
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	225,0 m ²

Byggingarsaga:

Húsið er tvílyft steinsteypt hús með kjallara, byggt árið 1915. Til er gömul teikning, óundirrituð af húsinu en á henni stendur að húsið sé nr. 1 við Fagrastræti á Akureyri. Rithöndin á þeirri teikningu bendir til Halldórs Halldórssonar og líklegt er að hann hafi gert þessa teikningu af húsinu eftir uppmælingu eftir að hann tók við sem byggingafulltrúi á Akureyri 1928. Í húsinu eru ein íbúð en lengi vel voru íbúðir, ein á hæðinni og kjallara og ein í risi. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð en búið að fjarlægja gluggagrindur úr gluggum og bæta við litlum þakkvisti á norðurhlíð.

Varðveislumat:

Byggingarlistarlegt gildi:
Menningarsögulegt gildi:

Steinsteypt hús undir áhrifum frá nýklassískum stíl.

Húsið er í hópi fyrstu steinsteyptu íbúðarhúsanna á Akureyri sem gefur því fágætisgildi. Auk þess er það með fyrstu íbúðarhúsum sem risu á þessu svæði og stóð þá við götu sem átti að heita Fagrastræti samkvæmt þágildandi skipulagi.

Umhverfisgildi:

Hefur gildi fyrir götumynd Eyjarlandsvegar. Í stað þess að snúa langhlið að götu snúa þessi hús við Eyjarlandsveg gaffli að götu og mynda þar með visst samhengi við gafla gamla skólahússins handan götunnar og áhugavert göturými.

Upprunaleg gerð:

Húsið er lítið breytt frá upphaflegri gerð nema búið er að klæða útveggi inngönguskúrs.

Tæknilegt ástand:

Gott.

Varðveislugildi:

Húsið hefur hátt varðveislugildi vegna aldurs og byggingargerðar og mikið umhverfisgildi vegna staðsetningar við suðurenda húsaraðarinnar við Eyrarlandsveg.

Niðurstaða varðveislumats.

7 stig. Húsið er friðað samkvæmt Minjalögum nr. 80/2012 og ber að varðveita í samræmi við ákvæði þeirra laga. Jafnframt hefur það varðveislugildi sem hluti af einstakri húsaröð við Eyrarlandsveg 27-35 sem ætti að vernda með hverfisvernd.

5.3 Hrafnagilsstræti

Húsakönnunin tekur til húsanna við Hrafnagilsstrætis á milli Þórunnarstrætis og Eyrarlandsvegar. Um er að ræða sjö hús norðan götunnar auk spennistöðvar innan lóðar Menntaskólans á Akureyri. Húsin eru flest frá fyrri hluta 20. aldar en þau eru af ýmsum stærðum og gerðum, en það er m.a. vegna þess að flest þeirra standa á hornum tveggja gatna og tilheyra því að nokkru leyti öðrum götum en Hrafnagilsstræti.



Mynd 34. Hrafnagilsstræti (gul lína).



Hrafnagilsstræti 2 - Péturskirkja

Byggingarár: 1933
Aðal byggingarefni: timbur/steinsteypa
Þakgerð: Mænisþak, turn
Undirstöður: Steinsteypur
Notkun: Kirkja

Hönnuður: Sveinbjörn Jónsson
Klæðning: Timbur, járnklæðning
Þakklæðning: Bárújárn
Útlit: 2 hæðir, kjallari
Stærð: 189,1 m²

Byggingarsaga:

Húsið er tvílyft timburhús á steinsteypum kjallara, upphaflega byggt árið 1933 eftir teikningum Sveinbjarnar Jónssonar. Húsið var upphaflega byggt sem íbúðarhús fyrir Þorlák Jónsson. Árið 1996 var sótt um leyfi til að breyta notkun hússins úr íbúðarhúsi í kirkju/kapellu og gera breytingar á því til þess að það gæti þjónað kaþólska söfnuðinum. Árið 1998 var því breytt í kirkju kaþólska safnaðarins á Akureyri, hönnuðir Kristjana Aðalgeirsdóttir og Sigríður Sigþórsdóttir og voru þær breytingar samþykktar í október 1999 og þeim lokið árið 2000. Helstu útlitsbreytingar voru þær að turn var settur á húsið auk breytinga á hurðum og gluggum.

Varðveislumat:

Byggingarlistarlegt gildi:

Upphaflega byggt sem einfalt timburhús undir sveitseráhrifum en húsið er mikið breytt frá upphaflegri gerð vegna nýs hlutverks sem kirkja. Húsið samsvarar sér vel eftir breytingar og setur svip á umhverfi sitt.

Menningarsögulegt gildi:

Kirkja Péturssafnaðarins á Norður- og Austurlandi frá árinu 2000.

Umhverfisgildi:

Hefur gildi fyrir götmynd Hrafnagilsstrætis og Möðruvallastrætis sem og nærumhverfi sitt vegna sýnileika síns og sérstöðu sinnar sem kirkja. Þá myndar kirkjan og húsið við Eyrarlandsveg 26 fallega heild.

Upprunaleg gerð:

Húsið er mikið breytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand:

Mjög gott.

Varðveislugildi: Húsið hefur varðveislugildi vegna menningarsögu og staðsetningar.

Niðurstaða varðveislumats: 6 stig eða meðalvarðveislugildi sem stakt hús. Saman með Eyrarlandsvegi 26 mynda húsin hinsvegar einstaka húsaröð eða heild með hátt varðveislugildi.



Hrafnagilsstræti 4

<i>Byggingarár:</i>	1930	<i>Hönnuður:</i>	óþekktur, Halldór Halldórsson?
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	2 hæðir, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	211,1 m ²

Byggingarsaga: Húsið er tvílyft steinsteypt hús með kjallara, byggt árið 1930. Ekki hafa varðveist neinar teikningar af húsinu en leiða má líkum að því að höfundur hússins sé Halldór Halldórsson þar sem húsið er mjög keimlíkt húsinu við Hrafnagilsstræti 8 sem er teiknað af Halldóri.

Varðveislumat:

Byggingarlistarlegt gildi: Steinsteyppuhús undir klassískum áhrifum. Ágætis fulltrúi síns tíma.

Menningarsögulegt gildi: Íbúðarhús.

Umhverfisgildi: Hefur gildi fyrir götummynd Hrafnagilsstrætis.

Upprunaleg gerð: Húsið virðist nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.

Tæknilegt ástand: Gott.

